ÍSLENSK VERÐBRÉF

Reglur um aðskilnað starfssviða

1 Tilgangur og markmið

Tilgangur reglna um aðskilnað starfssviða er að takmarka hagsmunaárekstra í starfsemi Íslenskra verðbréfa hf. („**ÍV**“ eða „**félagið**“) með það að markmiði að standa vörð um hagsmuni viðskiptavina félagsins, orðspor þess og trúverðugleika. Forsenda þess að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra er að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist ekki á milli einstakra starfssviða eða deilda innan félagsins.

2 Réttarheimildir

Reglurnar eru settar á grundvellilaga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða, og g III. kafla framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 231/2013. Þar sem við á er jafnframt höfð hliðsjón af lögum nr. 115/2021, um markaði með fjármálagerninga, og viðeigandi ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) nr. nr. 2017/565.

3 Gildissvið

Reglurnar gilda um alla starfsemi ÍV og þá sem taka að sér verk fyrir hönd félagsins.

4 Stefnuyfirlýsing

ÍV skal í hvívetna leitast við að tryggja að í starfi og rekstri starfssviða félagsins sé fullur aðskilnaður á milli sviðanna þannig að stjórnun, starfssvæði, upplýsingatæknikerfi séu aðgreind og að ekki sé aðgangur þar á milli. Þá skal horft til afkomu hvers sviðs um sig þannig að afkoma eins sviðs sé ekki háð afkomu annars.

5 Aðskilnaður

5.1 Almennt um aðskilnað innan félagsins

Einstök starfssvið félagsins skulu aðskilin efnislega, stjórnunarlega, afkomulega og upplýsingatæknilega í samræmi við reglur þessar. Hafa ber ávallt í huga í starfsemi félagsins að aðskilnaður starfssviða þess sé með þeim hætti að reglur þessar þjóni tilgangi sínum. Tryggja skal að:

a. **Verkefni sviða:** Starfsmenn einstakra sviða félagsins hafi ekki vitneskju um verkefni annarra sviða sem aðskilja á frá þeirra eigin samkvæmt reglum þessum.

b. **Húsnæði og vinnurými:** Húsnæði félagsins skal aðgangsstýrt með þeim hætti að aðgangur starfsmanna sé takmarkaður við það vinnurými sem tilheyrir því starfssviði eða deild þar sem viðkomandi starfar. Tryggja skal að starfsmenn annarra sviða og/eða deilda heyri ekki orðaskil eða hafi sýn á þau verkefni sem unnið er að hverju sinni.

c. **Starfsmenn**: Tryggt skal að fjöldi starfsmanna sé með þeim hætti að unnt sé að tryggja fullnægjandi aðskilnað. Leitast skal við að hafa fjölda starfsmanna a.m.k. fimm, þar sem a.m.k. tveir starfsmenn sinni sjóðastýringu og tveir starfsmenn sinni eignastýringu.

d. **Samskipti:** Þegar starfsmenn eiga samskipti á milli starfssviða og/eða deilda skulu þeir leitast við að nota tölvupóst, síma eða sameiginleg fundarherbergi.

e. **Opin vinnurými:** Starfsmenn í opnu vinnurými skulu gæta sérstakrar aðgætni við störf sín með tilliti til hagsmunaárekstra og nýta fundarherbergi til að ræða viðkvæm málefni, ganga frá gögnum og stilla tölvuskjái svo óviðkomandi sjái ekki á þá.

f. **Aðgangur að kerfum:** Aðgangur að upplýsingarkerfum félagsins skal aðgangsstýrður þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að upplýsingakerfum einstakra sviða og/eða deilda.

g. **Meðferð raunlægra gagna:** Gæta skal fyllstu varúðar við meðferð raunlægra gagna. Þau skulu vandlega varðveitt í læstum hirslum og merkja skal viðkvæm skjöl sem trúnaðargögn.

Forstöðumenn starfssviða og deilda bera ábyrgð á fullnægjandi aðskilnaði í samræmi við reglur þessar.

5.2 Aðskilnaður vegna starfa stjórnenda, þ.m.t. framkvæmdastjóra

Fari stjórnendur félagsins með daglega stjórn á sviði eignastýringar eða sjóðastýringar skulu þeir eingöngu hafa slíka yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar um önnur svið sem nauðsynlegar eru til þess að geta sinnt starfi sínu með eðlilegum hætti. Sérstaklega skal þess gætt að viðkomandi stjórnendur hafi aðgang að upplýsingum sem leitt geta til hagsmunaárekstra.

5.3 Aðskilnaður vegna eignastýringar

Ávallt skal leita samþykkis viðskiptavinar í eignastýringu áður en fjárfest er í sjóðum í rekstri félagsins. Nánar er fjallað um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og upplýsingagjöf til viðskiptavina í stefnu stjórnar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

5.4 Aðskilnaður vegna annarrar starfsemi í húsnæði félagsins

Rými um starfsstöðvar félagsins skal vera aðgangsstýrt og starfsmenn ÍV einir hafa aðgang að því rými. Heimilt er að opin rými með kaffistofu, salerni og mötuneyti séu sameiginleg með annarri starfsemi í húsnæðinu.

6 Stoðdeildir og eftirlitseiningar

Aðrar deildir, áhættustýring, regluvarsla og innri endurskoðun, sem sinna verkefnum þvert á félagið skulu gæta sérstakrar árvekni við að tryggja að reglur þessar nái tilgangi sínum við meðferð gagna og upplýsinga sem meðhöndlaðar eru.

Starfsemi stoðdeilda skal aðskilin frá annarri starfsemi félagsins og aðgangur að vinnurýmum takmarkaður eins og kostur er.

7 Nefndir og fundir

Á fundum fastra nefnda innan félagsins þar sem starfsmenn þvert á starfssvið félagsins koma saman skal gæta þess að trúnaðarupplýsingum sé ekki miðlað á milli starfssviða. Nefndarfundir skulu haldnir í lokuðu fundarherbergi og trúnaðar skal gætt um fundarefni.

Á fundum forstöðumanna og öðrum fundum yfirmanna sviða sem og á sameiginlegum fundum starfsmanna skal stuðlað að því að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

8 Meðferð innherjaupplýsinga

Fái starfsmaður vitneskju um innherjaupplýsingar í tengslum við störf sín skal gæta ríks trúnaðar um þá vitneskju og tryggja að óviðkomandi fái ekki vitneskju um upplýsingarnar. Óviðkomandi teljast vera allir þeir sem ekki þurfa nauðsynlega á upplýsingunum að halda starfa sinna vegna.

Innherjaupplýsingar, á hvaða formi sem þær eru geymdar, skal varðveita á þann máta að óviðkomandi aðilar komist ekki í þær. Sé þess kostur skal haga meðferð þeirra á þann veg að óviðkomandi aðili geti ekki áttað sig á hvers konar upplýsingar er um að ræða komist hann yfir gögnin.

Regluverði skal ávallt tilkynnt um tilvist innherjaupplýsinga.

9 Færsla starfsmanna á milli sviða

Leita skal álits regluvarðar ef nauðsynlegt er að nota starfskrafta starfsmanna utan skilgreinds starfssviðs. Regluvörður skal leggja mat á hvort ráðstöfunin feli í sér hættu á hagsmunaárekstrum eða misnotkun innherjaupplýsinga.

Komi til þess að starfsmaður sinni tilfallandi störfum eða flytjist varanlega á milli sviða ber viðkomandi að gæta fyllsta trúnaðar.

Regluvörður skal hald skrá yfir þá starfsmenn sem tilkynnt er um að sinna verkefnum utan skilgreinds starfssviðs.

10 Eftirlit

Regluvarsla skal viðhafa frumkvæðiseftirlit og framkvæma úttektir á fylgni við þau atriði sem reglur þessar ná yfir. Ef tilefni er til skal slík skýrsla send til framkvæmdastjóra eða stjórnar til upplýsingar.

11 Eftirlitsaðgerðir

Félagið skal skilgreina eftirlitsaðgerðir sem miða að því að greina hvort efni reglna þessara sé fylgt.

12 Breytingar og gildistaka

Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn hefur samþykkt þær.

13 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	• Nýjar reglur

14 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Stjórn	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Reglur um aðskilnað starfssviða félagsins, m.t.t. stjórnunar, starfssvæða, aðgreiningar upplýsingatæknikerfa o.s.frv.		
Gildissvið:	Stefnan nær til ÍV, þ.m.t. stjórnar félagsins, forstjóra og stjórnenda.		
Yfirskjal:	Stefna um varnir gegn hagsmunaárekstrum		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.